

192
8. sept.

Dæmi um það, hvernig tafla V er notuð við að breyta fetum í metra.
Breyta á 428,15 fetum í metra:

| | Fet | = | M |
|--------------------|--------|---|---------|
| Út töflu V A | 420 | = | 128,014 |
| — — V A | 8 | = | 2,438 |
| — — V B | 0,15 | = | 0,046 |
| | <hr/> | | <hr/> |
| | 428,15 | = | 130,498 |
| | | | 130,50 |

Dæmi um það, hvernig tafla VI er notuð við að breyta metrum í fet.
Breyta á 145,67 metrum í fet:

| | M | = | Fet |
|---------------------|--------|---|---------|
| Út töflu VI A | 140 | = | 459,326 |
| — — VI A | 5 | = | 16,405 |
| — — VI A | 0,67 | = | 2,198 |
| | <hr/> | | <hr/> |
| | 145,67 | = | 477,929 |
| | | | 477,93 |

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt milliríkjasamningi um samræmda aðferð við skipamælingar, sem gerður var í Osló 10. júní 1947, og birtur er með auglýsingu nr. 80 5. nóv. 1948, til þess að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. september 1950.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

193
14. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo:
Hámarksálagning í smásölu á vindlingum, reyktóbaki, munntóbaki, vindlum, rjólí og neftóbaki skal vera 20%, miðað við verð Tóbakseinkasölnunnar. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 frá 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 12. apríl 1950, um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931 um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

Fjármálaráðuneytið, 14. september 1950.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Jónsson.